



FABLAB Reykjavík

Kynning fyrir mannréttinda, nýsköpunar og lýðræðiráð Reykjavíkurborgar
Þóra Óskarsdóttir forstöðumaður Fab Lab Reykjavíkur

THE CELL

THE MOTOR

- ACRYLIC WASHER
- ACRYLIC COVER
- METAL MESH CATHODE
- SYNTHETIC TEXTILE INSULATOR
- SILICONE GASKET
- METAL MESH ANODE
- ACRYLIC COVER
- ACRYLIC WASHER

- ACRYLIC BRACKET

MYND 1: BioCatalytic Cell
ÞÓRA HAFDÍS ARNARDÓTTIR

- SLIP RING

KVEIKJA NÝRRA HUGMYNDA

Fab Lab eða Fabrication Laboratory er stafræn smiðja með tækjum og tólum til að búa til nánast hvað sem er.

Fab Lab á rætur sínar að rekja til Center for Bits and Atoms hjá MIT háskólanum í Massachusetts í Bandaríkjunum.

Fab Lab Reykjavík var opnað 24. janúar 2014 sem samstarfsverkefni Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Reykjavíkurborgar og Fjölbrautaskólans í Breiðholti.

Nýjir samningar voru samþykktir 17. mars 2021 með aðkomu atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis auk mennta og menningarmálaráðuneytis.

Átta Fab Lab smiðjur eru starfandi hér á landi og eru smiðjurnar í Fab Lab Ísland hluti af heimsneti tæplega 2000 smiðja. Fab Lab Reykjavík nú stærsta Fab Lab smiðja landsins með sex starfsmenn og tekur á móti um helming allra Fab Lab heimsókna á landsvísu.



FAB LAB REYKJAVÍKUR ER LIFANDI SAMFÉLAGSRÝMI

Fab Lab Reykjavík vill vera að hjarta sköpunar í borginni, staður fyrir stefnumót hugmynda. Hér eru nýjungar skapaðar og frumgerðir þróðar sem síðan þroskast áfram og vaxa út úr smiðjunni og inn í samfélagið. Lifandi fjölmenningsumhverfi Breiðholtsins fyllir smiðjuna af skapandi fólki sem er uppspretta hugmynda.

Fab Lab Reykjavík er þessvegna opin smiðja, suðupottur fyrir skapandi fólk með rými og aðstöðu til leiks og samvinnu. Greitt aðgengi að stafrænni tækni og stuðningur við útfærslu hugmynda í Fab Lab Reykjavík hefur gert fjölmörgum kleift að láta hugmyndir sínar verða að veruleika.

HEIMSÓKNIR ÁRIÐ 2019

8,812

Þriðjungur heimsókna eru fólk sem kemur sjálfst að vinna að hugmyndum sínum. Aðrar heimsóknir eru vegna skipulagðrar kennslu eða skólakynninga.



SAMFÉLAG SKAPANDI FÓLKS

Fab Lab Reykjavík hefur frá upphafi veitt almenningi, skólafólki, frumkvöðlum og fyrirtækjum greiðan aðgang að tækjabúnaði smiðjunnar, persónulega ráðgjöf og almenna fræðslu í notkun hinnar stafrænu tækni. Stöðug þekkingaröflun Fab Lab Reykjavíkur í samstarfi við erlenda háskóla tryggir stöðug og síkvik tengsl við nýjustu tækni og færni í smíði frumgerða.

NÝSKÖPUN

Að hjálpa frumkvöðlum og hugmyndafólki að smíða frumgerðir af nýsköpunarhugmyndum og koma þeim yfir á næsta stig þróunar

MENNTUN

Að stuðla að tilurð nýrra hugmynda hjá ungum sem öldnum með miðlun þekkingar á nýjum aðferðum í tækni og vísindum

TÆKNI

Að efla getu fólks til að nýta sér tækni til sköpunar. Fab Lab veitir greiðan aðgang að skapandi rými og þjálfun í stafrænni framleiðslutækni.



NÝSKÖPUNARHUGMYNDUM SPYRNT Í VÖXT

Smiðjan hefur ýtt úr vör nokkrum hátæknilausnum, grænar lausnir hafa verið áberandi að undanfögnu.

Sidewind er lausn sem hefur vaxið mikið. Verkenfið felur í sér að draga úr mengun úr flutningaskipum með því að nýta sér hliðarvind á skipum

Einnig er verið að þróa aðferð við að búa til mýsli, sem mætti lýsa sem lífniðurbriótanlegu frauðplasti.

Áhrif Covid á starfsemi smiðjunnar hafa verið, færri heimsóknir en stærri hugmyndir.



SKAPANDI MENNTUN Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM

Með stuðningi borgarinnar hefur Fab Lab Reykjavík hefur hrint af stað stórum menntaverkefnum á sviði nýsköpunar.

Skapandi námssamfélag. Felur í sér að efla sköpunarfærni barna í grunnskólum í Breiðholti. Námssamfélög hafa verið mynduð í skólunum og uppbygging skapandi rýma á fullri ferð. Til að styðja við verkefnið hefur mikið námsefni verið gefið út sem hefur náð mikilli dreifingu. Meðal annars í grunnskólum í Finnlandi.

Reykjavík setti á fót nýsköpunarhraðalinn MEMA til að innleiða nýsköpunarmennt með árangursríkum hætti inn í framhaldsskóla. Í MEMA rýna nemendur heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og leita lausna á knýjandi vandamálum. Árið 2020 var áherslan á sjálfbærni samfélaga, sjö framhaldsskólar tóku þátt í og luku voru 70 nemendur hraðlinum.



FRÆÐSLA FULLORÐINA

Fab Lab Reykjavíkur tekur jafnframt þátt í verkefnum á sviði fullorðinsfræðslu og háskólakennslu.

New technologies in adult education. Erasmus + verkefni í samstarfi við Pólland, Portúgal, Frakkland og Finnland.

Fab Academy í samstarfi við Fab Foundation við MIT háskóla. Nýrri tækniþekkingu er miðlað á skýran hagnýtan máta til skapandi fólks sem lærir, grúskar og mótar nýjar tæknilausnir.


NÁM Í FAB LAB Á AÐ ÖRVA FORVITNI OG KVEIKJA Á NÝJUM HUGMYNDUM



TÆKNI

Að veita greiðan aðgang að skapandi rými og þjálfun í stafrænni framleiðslutækni

Fab Lab Reykjavík býður stórum hópi skapandi fólks tæknilega innviði til hafa jákvæð áhrif á samfélagið með hugviti sínu. Smiðjan býr til hringiðu þar sem nemendur máta sig við atvinnulífið og fullorðið fólk lærir um nýja tækni á eigin forsendum. Til að innviðir nýtist til nýsköpunar til framtíðar er nauðsynlegt að starfsemin sé alltaf að læra, þróast og byggja upp tækniþekkingu.



Framtíðardraumar

Efra Breiðholt verður áfangastaður fyrir fólk sem vill kynna sér nýjar lausnir í byggingariðnaði, verkfræði, arkitektúr, sjálfbærum samfélögum, hagnýtri náttúrufræði og garðyrkju. Hér verða kjöraðstæður fyrir forvitið skapandi fólk.

Sýn okkar er sú að Fab Lab Reykjavík verði staður sem hýsir skapandi samfélag tæknigrúskara í Breiðholti. Í framtíðinni muni löngarðar rísa á svæðinu, þannig að undir sama þaki mætist atvinnulíf og menntun. Fab Lab Reykjavík auðveldar samstarf milli skóla og atvinnulífs með því að veita þessum ólíku aðilum aðgang að skapandi rými.

Aukinn áhugi á grænni nýsköpun þrýstir á fagmenntun í garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu. Náttúrufræðikennsla og grænar lausnir úr Fab Lab Reykjavík býr til vísi að garðyrkjunámi. Áhersla á byggingar í húsmíði og grænar lausnir í byggingariðnaði kallar á þekkingarsetur um sjálfbærar borgir sem verður til í löngörðum, í lifandi samstarfi við Fab Lab Reykjavík.

Frumkvöðlasetur í nágrenni Fab Lab Reykjavík býður uppá aðstöðu fyrir frumkvöðla sem vilja þróa tæknifrumgerðir og njóta aðstöðu smiðjunnar við útfærslu og þróun hugmynda. Sprotar setursins virkja atvinnulíf í nærumhverfi og á höfuðborgarsvæðinu öllu. Öflugt samstarf Fab Lab Reykjavíkur við Nýsköpunargarða í Vatnsmýrinni og Icelandic startups ýtir undir vöxt hugmynda og finnur þeim farveg inn í íslenskt atvinnulíf.

[Nánar á flr.is](http://flr.is)